

Fundargerð vegna aðalfundar í foreldrarfélagi Sjálandsskóla 2013.

Fundur í foreldrafélagi Sjálandsskóla haldinn í hátíðarsal skólans fimmtudaginn 19. Sept 2013.

Fundur var settur af formanni foreldrafélagsins Ástu Hrafnhildi Garðarsdóttur kl. 17:32. Alls mættu 11 foreldrar ásamt þremur stjórnarmeðlimum á fundinn. Ásta lagði til að Erna Geirsdóttir yrði skipaður fundarstjóri fundarins og Margrét Steinþórsdóttir ritari og var það samþykkt.

Ásta Hrafnhildur fór yfir skýrslu stjórnar sem innihélt það helsta sem foreldrafélagið hafði haft fyrir stafni yfir árið. Í framhaldi af þessu lagði Ásta til að haldin yrðu sameiginleg afmæli í árgöngunum þannig þeir sem ættu afmæli í sama mánuði myndu halda afmæli sitt saman, c.a. 2-4 í einu. Afmælin gætu til dæmis verið haldin í hátíðarsal skólans. Í framhaldi af þessu skapaðist umræða um afnot af sal skólans sem nánar verður fjallað um undir liðnum önnur mál.

Erna Geirsdóttir fór yfir lagabreytingar sem þáverandi foreldrafélag hafði lagt til og voru þær allar samþykktar með miklum meirihluta. Umræða skapaðist eftirtalin mál:

1. Fjöldi aðila í foreldrafélaginu, tillaga að breytingu var að samtals fjórir væru í foreldrafélaginu þar af einn úr unglingadeild. Skoðanaskipti voru um að það hvort ekki væri raunhæft að hafa fleiri foreldra úr unglingadeild. Að lokum var tillagan samþykkt að hafa einn úr unglingadeild og þrjá úr yngri deildum og var þá tekið mið af fjölda nemenda í unglingadeild á móti fjölda nemanda í yngri deildum.
2. Styrktarsjóður, í ljós kom að kennarar vissu ekki um sjóðinn er mikilvægt er fyrir þá að fá að vita af honum. Þá var samþykkt að ný stjórn myndi setja niður verklagsreglur um úthlutun úr sjóðnum.

Ásta Hrafnhildur fór yfir ársreikning félagsins og lagði um leið fram tillögu um að félagsgjöld yrðu áfram innheimt. Ársreikningurinn var samþykktur með meirihluta atkvæða.

Kosið var í nýja stjórn félagsins en eftirfarandi aðilar buðu sig fram:

Ásta Hrafnhildur Garðarsdóttir

Áslaug Auður Guðmundsdóttir

Erna Geisdóttir

Jóna (fyrir hönd unglingadeildar)

Nanna Ósk

Kjörnir fulltrúar voru Ásta Hrafnhildur, Áslaug Auður, Erna og Jóna sem fulltrúi unglingadeildar.

Þá buðu þau Hafsteinn G. Einarsson og Margrét Helgadóttir sig fram sem skoðunarmenn reikninga og voru þau samþykkt af fundarmeðlimum.

Því næst fór fram val á fulltrúum í Grunnstoð og skólaráð og voru þær Helena og Bryndís kjörnar af meirihluta til að halda því starfi áfram.

Ákörðun var tekin um að félagsgjöld í foreldrafélagið yrðu áfram innheimt. Samþykkt var sama upphæð og fyrir ári eða 1.000kr. á heimili burtséð frá því hversu mörg væru í skólanum frá heimilinu. Þá var einnig ákveðið að greiðslan yrði skylda en ekki valkvæn eins og fyrir ári.

Önnur mál

1. Í framhaldi af umræðu sem spratt á meðan skýrsla stjórnar var flutt um sameiginleg barnaafmæli kom fyrirspurn úr sal þess efnis hvort foreldrafélaginu væri heimilt að fá lánaðan sal skólans fyrir afmæli. Vitað er til þess að fyrirmæli hafa komið frá Garðabæ þess efnis að kennarar við skólann er ekki heimilt að fá hann lánaðan í þessum erindagjörðum. Þess má geta að foreldrar í Barnaskóla Hjallastefnunnar fái foreldrar aðgang að sal skólans til að halda sameiginleg barnaafmæli. Ákveðið var að foreldrafélagið myndi kanna þessi mál.
2. Óánægjuraddir komu úr sal vegna skólalóðarinnar þar sem of lítið er við að vera á skólalóðinni sem veldur bara leiðindum á meðal barnanna þ.e. of fá leiktæki. Sú hugmynd kom upp að virkja foreldra og nemendur til að koma með hugmyndar að því hvað mætti gera til að gera skólalóðina skemmtilegri. Líklegt er að einhverjar reglur séu frá arkitekt varðandi útlit lóðarinnar sem taka þurfi tillit til. Foreldrafélagið mun fara í kanna þessi mál.
3. Foreldrafélagið fær ekki aðgang að netföngum foreldra vegna persónuverndar en nauðsynlegt að það geti á einhvern hátt haft bein samskipti við foreldra. Talað var um að útbúa sér heimasíðu fyrir foreldrafélagið en þá er hætta á því að það reynist of flókið í framkvæmd. Upp kom sú hugmynd að fá link inn á heimasíðu skólans með undirsíðu inn á foreldrafélagið þar sem fram kæmu upplýsingar um það sem er að gerast í foreldrafélaginu hverju sinni. Eða jafnvel hvort hægt væri að fá undirsíðu frá Garðabæ. Aðalatriðið er að síðan þarf að vera sýnileg, aðgengileg og einföld í notkun bæði fyrir þá sem munu lesa hana og þá sem eru að vinna í henni. Þá var einnig rætt um að útbúa sérstaka Facebook síðu fyrir foreldra þar sem hægt væri að skiptast á skoðunum og upplýsingum.
4. Komið hefur áskorun frá skólastjóra til foreldrafélasins um kaup á spjaldtölvum fyrir nemendur þ.e. til að fjölga þeim sem nú þegar eru til. Foreldrafélag Hofstaðaskóla keypti spjaldtölvur og mun foreldrafélagið gangast í að fá upplýsingar um hvernig staðið var að þessu hjá þeim.
5. Aðgengi og öryggismál. Skólinn var á sínum tíma byggður með það að sjónamiði að fólk ætti að ganga sem mest. En með fjölgun nemenda í skólanum tilkomu leikskólans í húsið hefur umferð aukist til muna sem kallar á frekari öryggisráðstafanir. Ákveðið

var að foreldrafélagið myndi ganga í það að skoða hvað hægt er að gera til að auka aðgengi og öryggi að skólanum.

6. Fyrirspurn kom úr sal um það hvort foreldrafélagið væri í einhverju samstarfi við Sælukot og gæti haft einhver áhrif á starfsemi þess þar sem fólki þykir ýmsu ábótavant í skipulagi þess. Hver skóli er eigin rekstraraðili frístundaheimilisins en foreldrafélagið hefur ekki haft nein samskipti þar um hingað til. Ráðinn hefur verið nýr skólafulltrúi til Garðabæjar sem hefur eftirlit með frístundaheimili og frístundabíl. Aukið eftirlit frá þessum nýja aðila gæti hugsanlega haft áhrif á starfsemina.
7. Þar sem misjafn er hversu vel er haldið utan um bekkjarkvöld var spurt um afskipti foreldrafélagsins af starfi bekkjafulltrúa. Foreldrafélagið hefur ekki haft afskipti af bekkjarkvöldum það eru bekkjarfulltrúar í hverjum árgang fyrir sig sem sjá um það.
 - a. Rætt var um að nauðsynlegt væri að foreldrafélagið myndi kalla saman alla bekkjarfulltrúana og fara yfir það sem ætlast er til af þeim, gefa þeim tækifæri til að hittast og kynnast innbyrðis.
 - b. Sniðugt er að setja saman ákveðinn fasta fyrir hvern árgang t.d. búa til viðburðaráætlun þar sem kemur fram hvenær æskilegt sé að halda bekkjakvöld osfrv. til þess að hafa meiri samhæfingu á milli árganga.
 - c. Klakinn má ekki hafa afskipti af miðdeildarstarfi en það er fyrirskipun frá Garðabæ foreldrafélagið og/eða bekkjarfulltrúar þurfa að sjá um að standa fyrir ýmsum viðburðum eins og diskó og fleira. Mögulegt væri að fá starfsmenn Klakans til að aðstoða.
8. Fundi var slitið 18:44